

Alþýðusamband Íslands  
B.t. Henný Hinz  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2015  
Tilv.: 1502027

### **Efni: Breytingar á greiðslukortamarkaði**

Þann 18. desember 2014 tilkynnti Samkeppniseftirlitið um að Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, Borgun og Valitor hefðu hver fyrir sig gert sátt við Samkeppniseftirlitið vegna rannsóknar þess á samkeppnishömlum á greiðslukortamarkaði. Í ákvörðun nr. 8/2015 sem nýlega var birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins er gerð ítarleg grein lyktum málsins.

Fyrirgreindum sáttum er ætlað að leiða til mikilvægra breytinga á greiðslukortamarkaði. Megintilgangurinn með þeim er að stuðla að aukinni hagkvæmni í greiðslukortapjónustu með því að skapa grundvöll fyrir sterkara aðhald viðskiptavina, stuðla að samkeppnislegu jafnræði keppinauta á sviði færsluhirðingar og greiðslukortaútgáfu, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækja á greiðslukortamarkaði, og að öðru leyti stuðla að virkari samkeppni á sviði kortaútgáfu og færsluhirðingar.

Mikilvægt er að söluaðilar og neytendur séu upplýstir um breytingarnar og veiti fjármálafyrirtækjum nauðsynlegt aðhald. Í fréttatilkynningu Samkeppniseftirlitsins, dags. 30. apríl sl., sem birt var samhliða ákvörðuninni, er gerð grein fyrir helstu breytingum og stöðunni á innleiðingu sáttanna.

### **Hámark milligjalda frá 1. maí sl.**

Breytingarnar fela m.a. í sér að þann 1. maí sl. gengu í gildi háværk milligjalda sem taka til viðskipta hjá íslenskum söluaðilum þegar greitt er með íslenskum VISA, Electron, MasterCard og Maestro neytendagreiðslukortum. Háværkin eru 0,20% í tilviki debetkorta og 0,60% í tilviki kreditkorta. Í heild leiða framangreind háværk til lækkunar á milligjöldum. Í sáttunum við Valitor og Borgun er ákvæði þar sem þessir aðilar skuldbinda sig til þess að lækka þóknarir sínar gagnvart söluaðilum til samræmis við lækkun milligjalda. Með innleiðingu háværkanna er m.a. stuðlað að aðlögun að ákvæðum reglugerðar ESB um milligjöld sem búast má við að taki gildi hér á landi innan tíðar á grundvelli skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum. Fjallað er um háværk milligjalda í kafla 8.2 (bls. 41-47) í ákvörðuninni og í skýringum við ákvæði sáttanna á bls. 51-52 og 59-61.

Í tengslum við háþörf milligjalda skal þess einnig getið að Samkeppniseftirlitið hefur hvatt söluaðila til þess að vera vakandi fyrir samspili þóknana sem þeir greiða færsluhirðum og tilhögun fjármögnunar banka og sparisjóða á kreditkortaveltu gagnvart færsluhirðum. Þannig kunna boðuð dagleg uppgjör banka og sparisjóða á fjárhæð kreditkortaviðskipta gagnvart færsluhirðum að skapa hinum síðarnefndu viðbótarsvigrúm til að lækka þóknun sína gagnvart söluaðilum eftir gildistöku hámarksmilligjalda. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.4 á bls. 49-50 í ákvörðuninni.

Lægri tilkostnaður söluaðila vegna þessara breytinga ætti að koma bæði fyrirtækjum og neytendum til góða með því að stuðla að öflugra atvinnulífi og lægra vöruverði. Til þess að sem mestur ávinningur hljóttist af framangreindum breytingum fyrir samfélagið hvetur Samkeppniseftirlitið ASÍ til þess að beita sér fyrir því að lægri þóknunir færsluhirða gagnvart söluaðilum skili sér til neytenda.

### **Hagræðing og aukið gagnsæi í gjaldtöku**

Þá er í sáttunum við bankana kveðið á um að þeir skuli, eftir því sem kostur er, hagræða í þeim rekstri sínum sem tengist kortaútgáfu og þjónustu við korthafa með það að markmiði að veita sem hagkvæmasta þjónustu á þessu sviði og takmarka eins og unnt er hækkunir þjónustugjalda gagnvart korthöfum. Ennfremur skuldbinda bankarnir sig til að tryggja að breytingar á þjónustugjöldum eða viðskiptakjörum komi fram með gagnsæjum hætti í verðskrá og skilmálum bankanna. Skal korthöfum vera tilkynnt um slíkar breytingar með skýrum hætti. Er þessu ætlað að skapa aðhald viðskiptavina. Í sex mánuði frá því að háþörf milligjalda ganga í gildi eru sérstakar takmarkanir settar á hækkun og innleiðingu ýmissa þóknana gagnvart korthöfum. Nánar er fjallað um þetta á blaðsíðu 52-53 í ákvörðuninni.

Upplýst aðhald neytenda og árvekni hagsmunasamtaka þeirra skiptir máli við innleiðingu framangreindra breytinga.

Samkeppniseftirlitið vekur að lokum athygli á því að á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins hefur verið sett upp sérstök upplýsingasíða vegna málsins, þar sem nálgast má frekari upplýsingar um framangreindar breytingar.

Slóðin er: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/greidslukortamarkadur/> .

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson